

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2002

Umsögn um Geislavarnalög

Við námsbraut í geislafræði við Tækniskóla Íslands, fer fram menntun geislafræðinga (áður röntgentækna), sem er 4 ára háskólanám sem lýkur með B.Sc gráðu. Geislafræðingar eru að öllum líkindum eina fagstéttin hérlendis sem bæði fær ítarlega fræðilega menntun og verklega þjálfun í geislavörnum vegna notkunar jónandi geislunar í læknisfræði. Kenndir eru sérstakir áfangar á 2. og 6. önn námsins um geislavarnir, ásamt því eru geislavarnir sjúklinga, starfsmanna og almennings samofin mörgum öðrum áföngum námsins bæði bóklegum og verklegum. Námsbrautin hefur í gegnum tíðina átt mjög gott og náið samstarf við Geislavarnir Ríkisins vegna skipulags og kennslu í geislavörnum. Þess er vænst að ný lög styrki það samstarf.

Ný löggjöf um geislavarnir, þar sem markmiðið er að aðlaga íslenska löggjöf um geislavarnir að löggjöf í Evrópusambandinu, er fagnaðarefni og löngu tímabær. Umrædd löggjöf um geislavarnir er rammalöggjöf og augljóst að mikið starf er framundan við undirbúning og setningu þeirra reglugerða sem kveðið er á um í frumvarpinu. Hefur námsbraut í geislafræði mikinn áhuga á að fylgjast með því starfi þegar að því kemur.

Efnislegar athugasemdir: í 3ju grein er fjallað um skilgreiningar á hugtökum og má bæta skilgreiningar á jónandi og ójónandi geislun. Mikilvægt er að skilgreiningar í lagatexta séu skýrar og hnitmiðaðar, þar sem þær verða hafðar til viðmiðunar við kennslu og nám.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Erna Guðrún Agnarsdóttir

forstöðumaður við námsbraut í Geislafræði